

Alþingi
Erindi nr. P 140/2171
komudagur 8.5.2012

Re: Sveifluháls

Gudrun Asta Tryggvadóttir [gunnamin@googlemail.com]

Sent: 8. maí 2012 23:16

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Þann 8. maí 2012 19:15, skrifaði Gudrun Asta Tryggvadóttir <gunnamin@googlemail.com>:

Ég, Guðrún Ásta, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælu og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði sem er í nálægð við þéttbýli í orkuvinnslusvæði er að mínu mati stór mistök á tímum þar sem bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúrunnar.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaradarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

Virðisngafyllst,

Guðrún Ásta Tryggvadóttir, 130580-4169